



Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2023

Mai 2024

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3	Samstarfsverkefni	10
Hlutverk Jafnréttisstofu	4	Fjölbreytni í fyrirrúmi	10
Fjárhagur	5	Jafnrétti í sveitarstjórnnum	10
Starfsfólk	5	Kynjajafnrétti á norðurslóðum	10
		Meinlaust?	10
		Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal	10
Eftirlit	6	Share the care	10
Jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfesting	6		
Jafnréttisáætlanir	7	Samstarfshópar	11
Skýrslur og samantektir	7	NING – Norrænt upplýsinganet um kyn	11
		Ofbeldi og mansal	11
Ráðgjöf og aðstoð	7	Starfshópur sem falið er að meta þörf fyrir laga- og reglu- gerðarbreytingar vegna þjónustu vegna ofbeldis	11
Erindi frá einstaklingum	7	Starfshópur sem falið er að móta tillögur að framtíðarfyrirkomulagi vegna ofbeldis	11
Umsagnir um þingmál	7	Starfshópur um kyngreinda tölfræði	11
Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir	8	Stjórn Jafnréttissjóðs	11
Innkomin erindi	8	Stýrihópur forvarnaáætlunar	11
Símatímar/Teams-fundir með sérfræðingum	8	Velferðarvaktin	11
Rafrænn fundur um jafnréttismál í sveitarfélögum	8	Þverfagleg ritstjórn v. félagslegs vinnumhverfis	11
Kynningarfundur vegna verkefnis í Byggðaáætlun	8		
KÁ - vitinn	8		
Jafnrétti og mismunun á vinnumarkaði	9		
Námskeið fyrir umsækjendur um jafnlaunastaðfestingu	9		
Útgáfa	9		
Vefsíðan jafnretti.is	9		
Það er bannað að mismuna	9		
Meinlaust?	9		

Ávarp framkvæmdastjóra

Stóra verkefni ársins hjá starfsfólki Jafnréttisstofu laut að jafnrétti á vinnumarkaði. Mikið þúður fór í eftirfylgni með því að fyrirtæki og stofnanir uppfylli lagaskyldur um að öðlast jafnlaunavottun eða eftir atvikum jafnlaunastaðfestingu. Þar sem Jafnréttisstofa yfirfer gögn vegna jafnlaunastaðfestingar og samþykkir gildi jafnréttisáætlana fyrirtækja og stofnana kallar það á sífellda yfirferð leiðbeininga og þróun þjónustu. Leiðbeiningar og sniðmát voru því yfirfarin auk þess boðið var áfram upp á vefnámskeið og í fyrsta sinn boðið upp á bókun síma- og netfunda með sérfræðingum. Sérstakt merki jafnlaunastaðfestingar var útbúið og geta þau fyrirtæki sem hafa fengið slíka staðfestingu notað það rétt eins og fyrirtæki og stofnanir sem hafa öðlast jafnlaunavottun fá heimild til að nota jafnlaunamerkið.

Eins og gefur að skilja fer mikill tími í eftirlit með lagskyldum fyrirtækja vegna vottana og staðfestinga og því var hafinn undirbúningur fyrir aukna staf- og sjálfvirknivæðingu eftirlits sem mun spara mikinn tíma og auka gæði í starfseminni. Grunnur var einnig lagður að gæðahandbók fyrir starfsemina.

Á árinu fylgdi Jafnréttisstofa eftir vitundarvakningunni Meinlaust? með þremur nýjum útgáfum sem snerust um skaðsemi öræreitni gagnvart hinsegin fólki, fötluðu fólki og konum af erlendum uppruna. Vitundarvakningarnar fengu mikla athygli á samfélagsmiðlum, oftast jákvæða en því miður varð einnig vart við hatursfulla umræðu og fordóma, sérstaklega í garð kvenna af erlendum uppruna sem endurspeglar slæma stöðu þeirra í samfélaginu. Mikil þörf er á aðgerðum til að takast á við þau mál og takast á við hatursorðræðu almennt sem hefur verið mjög áberandi í samfélaginu síðustu misserin.

Jafnréttisstofa birti skýrslu í ársbyrjun um ráðstafanir og viðbrögð framhaldsskólanna varðandi kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni. Tilfnið var hávæð umræða framhaldsskólanna um stöðu þessara mála innan skólanna.

Jafnréttisstofa sá einnig ástæðu til þess að senda sveitarfélögum landsins bréf til að vekja athygli á skyldum þeirra til að taka mið af samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við ákvarðanatöku en allnokkur sveitarfélög voru að gera breytingar á fyrirkomulagi leikskólamála sem líklegar eru til að hafa mismunandi áhrif á stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Auður hvernar stofnunar er fólgin í góðu og öflugu starfsfólki og er Jafnréttisstofa sannarlega auðug í mannauði talið því enn og aftur var stofnunin á meðal þeirra efstu í könnuninni Stofnun ársins.




Katrín Björg Ríkarðsdóttir,
framkvæmdastjóri

Hlutverk Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa annast stjórnýslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018.

Hlutverk Jafnréttisstofu er skilgreint í 4. gr. laga um stjórnýslu jafnréttismála nr. 151/2020. Verkefni sem stofnunin annast á grundvelli laga um jafnréttismál eru að:

- Hafa eftirlit með framkvæmd laganna
- Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði jafnréttismála
- Veita ráðgjöf og aðstoð á sviði jafnréttismála
- Koma á framfæri við ráðherra og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að stuðla að auknu jafnrétti, t.d. um sértækar aðgerðir á sviði jafnréttismála
- Hvetja til virkrar þátttöku á sviði jafnréttismála, m.a. aukinnar aðkomu karla að kynja- og jafnréttisstarfi,
- Fylgjast með þróun jafnréttismála í samfélaginu, svo sem með upplýsingaöflun og úttektum og hafa frumkvæði að því að gerðar verði skýrslur, kannanir eða rannsóknir á sviði jafnréttismála,
- Vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna,
- Vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á vinnumarkaði; sérstök áhersla skal lögð á að vinna gegn launamisrétti á grundvelli kyns, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna,
- Leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofa berast og varða ákvæði laganna, ef Jafnréttisstofa telur tilefni til,
- Vinna gegn neikvæðum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem og neikvæðum staðalímyndum byggðum á kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu,
- Hafa umsjón með umsýslu jafnlaunavottunar og jafnlaunastaðfestingar, sbr. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, annast eftirlit með jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu, sbr. 10. gr. sömu laga, og veita jafnlaunastaðfestingu, sbr. 8. gr. sömu laga,
- Vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.



Fjárhagur

Fjárheimildir Jafnréttisstofu á árinu voru sem hér segir:

Framlag ríkissjóðs	146.709.827
Sértekjur	6.215.530
Flutt frá fyrra ári (verkefnastyrkur)	4.635.239
Laun og launatengdur kostnaður	120.997.051
Húsnæði	13.557.824
Annar kostnaður	14.754.448
Niðurstaða ársins	7.532.991

Starfsfólk

Nafn	Starfsheiti	Ráðningarár
Anna Lilja Björnsdóttir	Sérfræðingur	2021
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir	Sérfræðingur	2013-2015, 2021
Hjalti Ómar Ágústsson	Sérfræðingur	2018-2019, 2020
Jón Fannar Kolbeinsson	Lögfræðingur, staðgengill framkvæmdastjóra	2018
Katrín Björg Ríkarðsdóttir	Framkvæmdastjóri	2000-2003, 2017
Kristín Ólafsdóttir Önnudóttir	Sérfræðingur	2018
Tryggvi Hallgrímsson	Sérfræðingur	2009
Úlfhildur Jóna Ásdísar Þórarinsdóttir	Rekstrarstjóri	2017

Eftirlit

Jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfesting

Jafnréttisstofa annast eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli öðlist jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu. Stofnunin birtir á vefsíðu sinni skrá yfir aðila sem öðlast hafa jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu. Í lok árs 2023 náði lagaskyldan til 1182 fyrirtækja og stofnana.

Fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 50 að jafnaði á ársgrundvelli ber skylda til að öðlast jafnlaunavottun. Hún er veitt að undangenginni úttekt vottunaraðila á að jafnlaunakerfi og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST85:2012.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25-49 að jafnaði á ársgrundvelli geta skilað gögnum til Jafnréttisstofu og sótt um jafnlaunastaðfestingu sem viðurkenningu á því að launakerfi og framkvæmd þess mismuni ekki í launum á grundvelli kyns.

Jafnréttisstofu bárust 84 umsóknir um jafnlaunastaðfestingu á árinu 2023, 52 þeirra hlutu afgreiðslu fyrir áramót auk 24 umsókna frá árinu 2022.



Jafnlaunavottun/jafnlaunastaðfesting	Lokið	Ólokið
Stofnanir	118	8
Sveitarfélög	49	6
Fyrirtæki með 50 eða fleiri starfsmenn	323	139
Fyrirtæki með 25-49 starfsmenn	142 (þar af 82 jafnlaunastaðfestingar)	397

Jafnréttisáætlanir

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli setji sér jafnréttisáætlanir sem gilda til þriggja ára. Jafnréttisáætlanir öðlast gildi þegar Jafnréttisstofa hefur samþykkt þær.

Innsendar og samþykktar áætlanir 2023 voru 205.



Skýrslur og samantektir

[Skýrsla Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna árið 2022](#)

[Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni: ráðstafanir og viðbrögð framhaldsskólanna.](#)

Ráðgjöf og aðstoð

Erindi frá einstaklingum

Alls bárust 55 beiðnir frá einstaklingum sem töldu á sér brotið skv. þeim lögum sem stofnunin hefur eftirlit með. Erindin vörðuðu eftirfarandi þætti:

Almennt	29
Fötlun og skert starfsgeta	1
Kyn	11
Kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáning	3
Kynþáttur og þjóðernisuppruni	10

Umsagnir um þingmál

Jafnréttisstofa sendi inn fimm umsagnir um þingmál

153. löggjafarþing

[895. mál, lögheimili og aðsetur \(lögheimilisflutningur\)](#)

[798. mál, aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026](#)

[165. mál, brottfall laga um orlof húsmæðra](#)

154. löggjafarþing

[239. mál, Mannréttindastofnun Íslands](#)


[182. mál, stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.](#)

Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir

Innkomin erindi

Skráð voru 55 mál sem varða upplýsingaöflun, fræðslu og forvarnir sem leitað var til Jafnréttisstofu með.

Almennt	29
Heimsóknir og viðtöl	10
Beiðni um kynningar og fræðslu	16




Símatímar/Teams-fundir með sérfræðingum

Sú nýbreytni var tekin upp í febrúar að bæta aðgengi að aðstoð/ upplýsingagjöf vegna jafnlaunastaðfestingar og opna fyrir rafrænar tímabókanir á vef Jafnréttisstofu. Alls skráðu 17 aðilar sig í gegnum kerfið.



Rafrænn fundur um jafnréttismál í sveitarfélögum

Kynningarfundur fyrir sveitarfélögin var haldinn 10. október þar sem var farið yfir breytt fyrirkomulag samráðsfunda og aukið samstarf. Á fundinum var einnig farið yfir niðurstöður könnunar um áætlanir sveitarfélaga um jafnréttismál, kynnt hugmynd um þróun jafnréttismælikvarða, farið yfir fræðslu sem Jafnréttisstofa býður sveitarfélögum upp á og sagt frá verkefni í Byggðaáætlun sem snertir sveitarfélögin. Skráðir þátttakendur voru 84 talsins og komu frá 37 sveitarfélögum, 13 karlar og 71 kona.



Rafrænn kynningarfundur vegna verkefnis í Byggðaáætlun

Í desember var haldinn fjarfundur með kjörnum sveitarstjórnarfulltrúum þar sem áhersla var á fræðslu og umræður um mikilvægi fjölbreytileika í stjórnun nærsamfélaga. Á fundinum var kynning frá Árósum í Danmörku um íbúðalýðræði og stefnu varðandi þátttöku íbúa. Hagstofan fór yfir kosningaþátttöku í síðustu sveitarstjórnarkosningu og sveitarstjóri Mýrdalshrepps sagði frá verkefnum tengdum fjölbreytileika hjá sveitarfélaginu. Skráðir þátttakendur voru 63; 12 karlar, 50 konur og einn einstaklingur sem ekki gaf upp skráningu kyns. Þátttakendur voru frá 31 sveitarfélagi.



KÁ-vitinn

Jafnréttisstofa býður vinnustöðum upp á fræðsluna KÁ-vitinn. Markmið fræðslunnar er að starfsfólk og stjórnendur þekki birtingarmyndir og afleiðingar kynferðislegrar áreitni og fái verkfæri til að vinna gegn slíkri hegðun.

Haldin voru fimm námskeið fyrir þrjú fyrirtæki, tvö í Reykjavík og eitt á Vestfjörðum.



Jafnrétti og mismunun á vinnumarkaði

Um er að ræða nýtt námskeið á vegum Jafnréttisstofu. Þau fyrstu sem tóku þátt voru starfsmenn fyrirtækis á Vestfjörðum.



Námskeið fyrir umsækjendur um jafnlaunastaðfestingu

Boðið var upp á fimm netnámskeið þar sem farið var yfir atriði sem varða þau skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að fyrirtæki geti fengið jafnlaunastaðfestingu. Fjöldi þátttakenda var 24.

Útgáfa

Vefsíðan jafnretti.is

Á vefsíðu Jafnréttisstofu voru birtar 28 fréttir og ein grein.

Reglulega var unnið í endurbótum á síðunni m.a. á leiðbeiningum og sniðmátum vegna jafnlaunastaðfestingar og jafnréttisáætla.

Jafnréttisstofa deilir upplýsingum á samfélagsmiðlunum [Facebook](#) og [Instagram](#).



Það er bannað að mismuna

Veggspjald þar sem vakin er athygli á jafnréttislöggjöfni var uppfært og endurútféið vegna lagabreytinga. [Veggspjaldið](#) var gefið út á íslensku, ensku og pólsku og er aðgengilegt í rafrænni útgáfu á vefsíðu Jafnréttisstofu.

Meinlaust?

Í tengslum við vitundarvakningu um öräreitni voru gerð fjögur rafræn veggspjöld. Veggspjöldin fjalla um kynferðislega árreitni, öräreitni gagnvart hinsegin fólk, öräreitni gagnvart fötluðu fólk og öräreitni gagnvart konum af erlendum uppruna. Öll [veggspjöldin](#) eru aðgengileg á vefsíðu Jafnréttisstofu.

Samstarfsverkefni

Fjölbreytni í fyrirrúmi


Vinnu við Erasmus+ verkefnið Fjölbreytni í fyrirrúmi (e. Diversity Inside Out) í samstarfi við hollenska aðila lauk í maí. Afurðir verkefnisins eru m.a. fjölbreytnispiöld sem hugsuð eru fyrir vinnustaði sem vilja ræða fjölbreytni á vinnumarkaði. [Spiöldin](#) ásamt leiðbeiningum eru aðgengileg á vefsíðu Jafnréttisstofu og eru á íslensku, ensku og hollensku.

Jafnrétti í sveitarstjórnnum

Jafnréttisstofa er framkvæmdaraðili aðgerðar C-16 í Bygðaaætlun sem nær til árána 2022-2036. Markmið verkefnisins er að efla sveitarstjórnir og auka vitund um mikilvægi fjölbreyttra sjónarmiða innan þeirra. Afurð verkefnisins verður handbók um hvernig hægt er að ýta undir þátttöku fólks með fjölbreyttan bakgrunn í stjórnun sveitarfélaga.

Kynjajafnrétti á norðurslóðum

Fá árinu 2013 hefur Jafnréttisstofa unnið með Norðurslóðanetinu o.fl. að verkefninu [Kynjajafnrétti á norðurslóðum](#). Verkefnið er nú í fasa fjögur sem að mestu leyti snýst um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi Norðurskautsráðsins til þess að tryggja að sjónarmið kynjanna, framlög, þekking og afleiðingar allra fyrirhugaðra aðgerða, fyrir fólk af öllum kynjum, séu metin á fullnægjandi hátt.



Meinlaust?

[Vitundarvakningunni Meinlaust](#) sem var í dreifingu á árinu 2022 og sneri að kynferðislegri áreitni á vinnustöðum var framhaldið með nýjum áherslum á árinu 2023. Í samstarfi við Samtökin '78, Proskahjálpi og Hennar rödd var sjónum beint að öræreitni gagnvart hinsegin fólki, fötluðu fólki og konum af erlendum uppruna.

Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal

Jafnréttisstofa hefur tekið þátt í Samráðsvettvangi um jafnlaunakerfi í Portúgal frá 2019. Ráðuneyti vinnumarkaðsmála í Portúgal stýrir verkefninu sem hefur það að markmiði að þróa jafnlaunakerfi á portúgölskum vinnumarkaði. Lokaráðstefna var haldin í Lissabon í nóvember en verkefninu lýkur formlega á árinu 2024.

Share the care

Jafnréttisstofa er í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og rannsóknastofnanir á Norðurlöndunum um verkefnið Share the care sem hlaut styrk úr Norræna kynjajafnréttissjóðnum. Tilgangur verkefnisins er að auka fjölda karla sem skráir sig og útskrifast úr hjúkrunarfræði. Verkefnið byggir á verkefninu Karlar og hjúkrun sem sömu aðilar unnu að.

Samstarfshópar

NING – Norrænt upplýsinganet um kyn

Jafnréttisstofa á aðild að norrænu upplýsinganeti um kyn (NING) sem m.a. heldur úti viðburðadagatalinu GenderKalanderN.

Ofbeldi og mansal

Jafnréttisstofa er einn af samstarfsaðilum Vörðu - rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins við vinnslu fræðslumyndbanda fyrir trúnaðarmenn sem fjalla um eðli og afleiðingar heimilisofbeldis sem og [vinnumannsals](#).

Starfshópur sem falið er að meta þörf fyrir laga- og reglugerðarbreytingar vegna þjónustu vegna ofbeldis

Í framhaldi af fyrri hópi setti félags- og vinnumarkaðsráðherra á laggirnar starfshóp um mitt ár 2023 sem falið er að meta hvaða laga- og reglugerðabreytinga er þörf þegar kemur að þjónustu vegna ofbeldis með tilliti til ákvæða í samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbulsamningurinn), sem Ísland hefur undirritað og fullgilt. Jafnréttisstofa á fulltrúa í starfshópnum.

Starfshópur sem falið er að móta tillögur að framtíðarfyrikomulagi vegna ofbeldis

Félags- og vinnumarkaðsráðherra setti árið 2022 á stofn starfshóp sem taka átti til skoðunar hvernig háttá megi laga- og reglugerðarumhverfi þjónustu vegna ofbeldis. Jafnréttisstofa átti fulltrúa í starfshópnum sem skilaði af sér tillögum til ráðherra á árinu 2023.

Starfshópur um kyngreinda tölfraði

Jafnréttisstofa á fulltrúa í hópnum sem var skipaður af fjármála- og efnahagsráðherra og forsætisráðherra á árinu 2020. Markmið með vinnu hópsins er að bæta yfirsýn yfir kyngreind tölfraðigögn og stuðla að því að söfnun og notkun á kyngreindum tölfraðigögnum hjá opinberum aðilum verði gerð með sambærilegum hætti. Þá er hópnum falið að vinna handbók eða annars konar leiðbeinandi efni um kyngreinda tölfraði.

Stjórn Jafnréttissjóðs

Jafnréttissjóður Íslands var stofnaður til þess að fjármagna og styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna. Forsætisráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og á Jafnréttisstofa fulltrúa í stjórn.

Stýrihópur forvarnaáætlunar

Fulltrúi Jafnréttisstofu er varaformaður í stýrihópi sem forsætisráðherra fól að annast framfylgd þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2021-2025. Markmið með starfi stýrihópsins er að koma á samhæfðum vinnubrögðum, skýra ábyrgð, greina skörun og koma á góðu samstarfi ábyrgðaraðila við framfylgd áætlunarinnar.

Velferðarvaktin

Jafnréttisstofa á fulltrúa í velferðarvaktinni sem er samstarfs- vettvangur félagasamtaka og stjórnvalda um almenna velferð á Íslandi.

Pverfagleg ritstjórn v. félagslegs vinnuumhverfis

Jafnréttisstofa á fulltrúa í þverfaglegri ritstjórn á vegum Vinnueftirlitsins sem hefur það hlutverk að vera til ráðgjafar um áherslur og framsetningu efnis fyrir félagslegt vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.



Jafnréttisstofa · Borgum v/ Norðurlóð · 600 Akureyri
460 6200 · jafnretti@jafnretti.is · www.jafnretti.is